

Ed.

266. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flm.: Jón Baldvinsson.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri.

Greinargerð.

Af bæjum þeim, sem eru á nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafarfjarðar, er nú sótt í síma inn að Setbergi, og þó það sé ekki ýkjalöng leið, er það oft erfitt ferðalag að vetri til. Er hér stungið upp á því, að símalína sé lögð frá Setbergi út að Hallbjarnareyri og að þessu leyti bætt úr erfiðleikum þeirra, er á þessu svæði búa.